



Dagskrá desembermánaðar:

Meginmarkmið okkar í desember er að skapa rólegt en hátíðlegt andrúmsloft með börnunum. Þeim verður boðið að gera jólaföndur eftir því sem áhugi og geta leyfa og jólalögin munu einkenna söngstundirnar eins og jafnan á þessum árstíma.

Aðventukertin

Á hverjum mánudegi verður vinastund í Marteinslundi þar sem kveikt verður á aðventukertunum einu af öðru og sungið um hvert kerti auk annarra jólalaga.

Jóladagatal

Frá fyrsta desember verða dagarnir til jóla taldir niður en hver deild ætlar að útbúa sitt eigið dagatal.

6. desember – Jólastund í Reynislundi

Kl. 14.00 förum við út í Reynislund og eigum þar notalega stund og syngjum jólalögin úti undir berum himni. Fyrri ár höfum við verið svo heppin að jólasveinn sem var á leið til byggða heyrði til okkar og kíkti til okkar. Hver veit nema við verðum svo heppin aftur ☺ Að jólastundinni lokinni förum við inn í hlýjuna og þar verður boðið upp á heitt kakó og piparkökur. Foreldrum er velkomið að njóta stundarinnar með okkur.

Aðfaranótt 12. desember staulast Stekkjastaur, fyrsti jólasveinninn til byggða og trúlega mun umræða um hann og bræður hans setja svip sinn á starfið dagana fram að jólum. Í umfjöllun leikskólans um þá sveina er stuðst við vísur Jóhannesar úr Kötlum. Börnin á Bjartalundi munu svo skreyta jólatréð fyrir jólaskemmtunina á morgun.

13. desember – Jólastund í Reynisholti

Þennan dag ætlum við að vera í sérstaklega hátíðlegu skapi. Jólatrésskemmtun er fyrir og eftir hádegi í Marteinslundi. Í hádeginu verður boðið upp á hangikjöt og laufabrauð og eftir síðdegishressingu verður síðan boðið upp á teiknimynd eða annað spennandi myndefni. Börnin fara út þennan dag svo hafið það í huga varðandi klæðnað. Þessa vikuna taka börnin jólagjöf til foreldra með sér heim.

18. desember – Jólaleikrit

Jólaleikritið, Grýla og jólasveinarnir verður sýnt í Marteinslundi kl 10.00.

20. desember – Jólapeysudagur

Gaman væri að koma í jólapeysu, með jólasveinahúfu eða eitthvað slíkt þennan dag enda alveg að koma jól.